

REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 896/2012 um hvaða flugrekendur
heyra undir umsjón Íslands í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.**

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist einn nýr stafliður, f-liður, sem orðast svo:

- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/180 frá 9. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem getið er í viðauka I við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, sem vísað er til í tölulið 21as, III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2015 frá 11. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 46 frá 20. ágúst 2015, bls. 246-435.

2. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 2015/180 frá 9. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem getið er í viðauka I við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. ágúst 2015.

F. h. r.
Hugi Ólafsson.

Kjartan Ingvarsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. september 2015